

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2021/1795****2022/EES/34/46****frá 11. október 2021****um leiðréttingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar
hámarksgildi leifa fyrir terbútýlasín í eða á tilteknum afurðum (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fódri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE ⁽¹⁾, einkum a-lið 1. mgr. 14. gr. og 2. mgr. 49. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 eru fastsett hámarksgildi leifa fyrir terbútýlasín.
- 2) Reglugerð (EB) nr. 396/2005 var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/618 ⁽²⁾ með því að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir terbútýlasín í sykurmáls, máls og dúrru fyrir mistök við gildið 0,01 mg/kg í stað 0,02 mg/kg, sem eru rétt magnreiningarmörk. Magnreiningarmörk sem nema 0,02 mg/kg eru í samræmi við rökstutt álit Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um gildandi hámarksgildi leifa í samræmi við 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 ⁽³⁾.
- 3) Því ætti að leiðrétta reglugerð (EB) nr. 396/2005 til samræmis við það.
- 4) Í þágu skýrleika og réttarvissu fyrir rekstraraðila og eftirlitsyfirvöld ætti þessi reglugerð að koma til framkvæmda frá og með sama degi og reglugerð (ESB) 2021/618.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæði II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 eru leiðrétt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 6. nóvember 2021.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 361, 12.10.2021, bls. 43. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 108/2022 frá 29. apríl 2022 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/618 frá 15. apríl 2021 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir díklófóp, flúópýram, ípkónasól og terbútýlasín í eða á tilteknum afurðum (Stjtið ESB L 131, 16.4.2021, bls. 55).

(3) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Reasoned opinion on the review of the existing maximum residue levels for terbuthylazine according to Article 12 of Regulation (EC) No 396/2005“. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2020 18(1): 5980.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. október 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæði II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 eru leiðrétt sem hér segir:

Í stað hámarksgilda leifa fyrir kenninúmerin 0234000 „sykurmaís“, 0500030 „maís“ og 0500080 „dúrri“ í dálkinum „terbútýlasín (R) (F)“ koma eftirfarandi gildi:

- a) Kenninúmer 0234000 „sykurmaís“: „0,02 (*) (+)“ í stað „0,01 (*) (+)“
 - b) Kenninúmer 0500030 „maís“: „0,02 (*)“ í stað „0,01 (*)“
 - c) Kenninúmer 0500080 „dúrri“: „0,02 (*)“ í stað „0,01 (*)“
-